

## Skólanefnd Tónlistarskóla Stykkishólms - 157. fundur

3. fundur starfsársins 2014-2015 haldinn í skrifstofu Tónlistarskólans fimmtud. 26. febrúar 2015 kl. 9:45

Mættir: Jóhanna Guðmundsdóttir, María Valdimarsdóttir, Eyþór Lárentínusson og Helga Sveinsdóttir

### 1. SKÝRSLA SKÓLASTJÓRA

#### a) Vorönnin

- **Breytingar um áramót** voru litlar. Nemendafjöldi á vorönn 113 (var 115)
- **Tónfundir** um mánaðamótin (7 talsins) – Hver kennari fyrir sig. Mikil veikindi hafa frestað tónfundum.
- **Tón-Vest** í tilefni af degi tónlistarskólanna laugardaginn 28. febrúar með tónleikum í Stykkishólmskirkju kl. 14. Fimm tónlistarskólar af Vesturlandi saman (allir nema Grf.)
  - Foreldrafélag lúðrasveitarinnar sér um veitingar (mat og kaffi)
- **Nótan 2015** – Fellur niður þetta ár (í fyrri mynd)
- **Lúðrasveitin** æfir fyrir vortónleikana á sumardaginn fyrsta
  - Æfingabúðir LL 27. febrúar (föstud.)
  - Æfingabúðir LS 7. mars (laugard.)
  - Fundur foreldrafélagsins eftir seinni æfingabúðir.
    - Fjáraflanir
    - Utanlandsferð 2016 – Martin skoðar tónlistarhátíðir og krakkarnir koma jafnvel til með að kjósa um stað.
- **Vorpróf**
  - Miðpróf í tónfræðum miðv. 22. apríl
  - 13-14 grunnpróf og 2 miðpróf í síðustu viku apríl
  - Önnur vorpróf í fyrstu viku maí

#### b) Næsta starfsár

- Fyrirséð að einhverjar breytingar eru framundan. Fundarmönnum er mikið í mun að halda utan um lúðrasveitastarfið.
- Kennarar verða að gefa svör um áframhaldandi starf fyrir 1. apríl.

#### c) Annað

- Nefnd til undirbúnings skólabyggingar (Hólmgeir Þórsteinsson, fh. Tónlistarskólans og Helga Sveinsdóttir formaður + Jóhanna Guðmundsdóttir í ráðgjafahópi)
- Eignarhald á Hljómskálanum þarf að komast á fast. Halda þarf fund um það þar sem saman koma skólanefndin, bæjarstjóri, skólastjóri og stjórnandi lúðrasveitarinnar og eldri lúðrasveitarmeðlimir sem tóku þátt í innrétta húsið.
- Búið er að fela Tónlistarskólanum umsjón með minningarsjóði Hafsteins Sigurðssonar.

Fundi slitið kl. 10:50